


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 1	<b>VIR104</b>	
	<b>Kennsluáætlun vor 2011</b>	
<b>Kennari</b>	Ólafur Kjartansson	<b>Skamstöfun: ÓLK</b>

**Áfangalýsing:** Tilfallandi verkefni sem tengjast viðgerðum og viðhaldi á algengum vélbúnaði. Taka í sundur, skoða og prófa ýmsan vélbúnað. Stroffur, ásláttur og hífingar. Uppgerð smávéla s.s. smábátavél og dæluvélar.

**Markmið:** Þessum áfanga er ætlað að veita nemendum almenna undirstöðuþekkingu í vélvirkjun þannig að þeir komist nær því að geta lagt mat á ástand vélahluta og annast almennt viðhald og uppsetningu á vélbúnaði.

**Námsgögn:** VIR 104 er verklegur áfangi sem styðst við fáanlegar handbækur, upplýsingar af veraldarvefnum og stöku ljósrít.

**Áætlun um yfirferð:** Vegna þess að það er mjög breytilegt hve langan tíma nemendur þurfa fyrir verkefnin verður áætlunin að vera mjög sveigjanleg til að nýta tíma allra nemenda sem best. Mismunandi verkefni verða í gangi á sama tíma en það ræðst af framvindunni í hvaða röð þau verða.

Meðfram verkefnavinnu verða unnar skriflegar greinargerðir eftir því sem við á.

**Möguleg verkefni:** Hönnun og smíðalýsing, hífingar og ásláttur, vélaskoðun og greining á varahlutapörf. tilfallandi smáviðgerðir á svæði deildarinnar, lagnavinna, skrufumæling, afrétting, vettvangsferðir og fl.

**Námsmat og vægi námsþátta:** Áfanginn er símatsáfangi þar sem verkefni annarinnar eru metin til einkunnar. Nemendur fá einkunn fyrir öll þau verkefni sem skrifleg greinargerð fylgir. Einnig verður vinnuframlag í verklegu og viðvera metið til hluta einkunnar. **Nemendum býðst að fylgjast með þróun matsins yfir önnina og eru sérstaklega hvattir til að nýta sér það.**

Ekkert lokapróf verður í áfanganum.

Verkefni 70 %

Vinnuframlag 20 %

Mæting og ástundun 10 %

**Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils